Hæstiréttur staðfesti ákvörðun Sýslumannsins á Suðurlandi um frávísun eignayfirlýsingar stefnanda dags. 8. apríl 2016, með dómi sínum dags. 25. apríl 2017, í málinu nr. 189/2017. Stefnandi byggir á því að íslenska ríkið sé réttur og lögmætur eigandi jarðarinnar Hamarshjáleigu í Flóahreppi, landnúmer 165485, fastanúmer 219-9072, mhl. 00, ræktaðs lands 01, geymslu mhl. 10 og hesthúss mhl. 11, á grundvelli fyrirbyggjandi heimilda, gagna og atvika. Enginn aðili hefur lýst yfir eignarrétti að jörðinni eða fasteignunum svo kunnugt sé um. Þá er ljóst að ábúendur jarðarinnar og eigendur íbúðarhúss þess sem stendur á jörðinni styðja málalíbúnað stefnanda um eignarrétt jarðarinnar, sbr. yfirlýsingu þeirra, dags. 1. desember 2016, sbr. dskj. nr. 15. Íslenska ríkið hefur einnig innheimt jarðarafgjöld af jörðinni um áratuga skeið án athugasemda, sbr. yfirlit yfir greidd jarðarafgjöld, dskj. nr. 51.

Í landskiptagerð Hamarstorfu í Gaulverjabæjarhreppi, dags. 26. maí 1937, dskj. nr. 52, fór fram skipting á „Hamarstorfundi“ í Hamar I, Hamar II og Hamarshjáleigu

að viðstöddum „ábuendum“ jarðanna. Þá liggur fyrir þinglýst yfirlýsing ábuenda Hamars I, Hamars II, Hamarshjáleigu og Skógsness, dags. 4. mars 2003, þar sem því er lýst yfir að ábuendur samþykki að landamerki milli ríkisjarðanna Hamars I og II, Hamarshjáleigu og Skógsness verði með þeim hætti sem lýst er á meðfylgjandi uppdrætti Landgræðslu ríkisins, merkt Á.J. feb. 2003, sbr. dskj. nr. 43. Samkvæmt eigendaskráningu fasteignaskrár er Hamar I og II selt af ríkinu á árinu 2003 en var í eigu Ríkissjóðs Íslands fram að þeim tíma, m.a. þegar Hamarshjáleiga var stofnuð út úr jörðinni. Vísað er til þess að Sýslumaðurinn á Suðurlandi hafi þinglýst kaupsamningi og afsali Ríkissjóðs Íslands vegna jarðarinnar Hamar 1 og 2. Sömu heimildir og forsaga eigi að miklu leyti við um Hamarshjáleigu. Á dskj. nr. 39-42 er að finna veðbókavottorð vegna Hamars I og II, frá 1985 og 1986, þar sem bæði er talað um að Hamar II sé þinglesin eign Ríkissjóðs en Hamar I sé eign Ríkissjóðs Íslands, óþinglýst.

Í málaskrárkerfum Ríkiseigna má finna færslur vegna umsýslu jarðarinnar allt aftur til 1950, sbr. dskj. nr. 50, en þann 1. júní 1950 er skráð að fram hafi farið úttekt á jörðinni Hamarshjáleigu, sbr. dskj. nr. 66-67. Fráfarandi ábúandi hafi verið Jóhannes Ormsson en við taki Baldvin Júlíusson. Af skjalinu er ljóst að a.m.k. frá þessum tímapunkti hefur átt sér stað óslitin ábúð jarðarinnar á vegum Ríkissjóðs Íslands, allt til dagsins í dag.

Þá liggur fyrir byggingarbréf, staðfest í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 4. september 1950, þar sem umboðsmaður kirkjujarða í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu byggir Baldvini Júlíussyni til löglegrar ábúðar og leiguliðanota kirkjujörðina Hamarshjáleigu, sbr. dskj. nr. 27.

Byggingarbréf vegna jarðarinnar til handa Val Snorrasyni var gefið út af landbúnaðarráðherra þann 2. október 1974, sbr. dskj. nr. 28 og til hliðsjónar saga jarðar, dskj. nr. 50. Af Val tekur við Egill Egilsson, dags. 15. júlí 1977, af honum tekur við Kristinn Karl Ægisson, dags. 26. maí 1978, sbr. dskj. nr. 29-30. Skráð er í sögu jarðar, sbr. dskj. nr. 50, að landbúnaðarráðuneytið hafi 10. júní 1987, samþykkt að kaupa 5 ha ræktun ásamt girðingum af fráfarandi ábúanda jarðarinnar Kristni. Af Kristni tók við núverandi ábúandi Hilmar Elís Árnason.

Í dag er í gildi byggingarbréf við núverandi ábúanda Hilmar Elís Árnason, dags. 21. apríl 1987, um jörðina sbr. dskj. nr. 31, en byggingarbréfið er óundirritað. Á byggingarbréfi dags. 26. maí 1978, sbr. dskj. nr. 30, hefur hins vegar verið strikað yfir nafn Kristins Karls Ægissonar, en nafn Hilmars Elísar Árnasonar verið ritað í staðinn, en byggingarbréfið er undirritað af Kristni Karli.

Byggingarbréfi og ábúðarrétti Hilmars Elísar Árnasonar hefur verið framfylgt allt frá ábúendaskiptum jarðarinnar, enda hefur Hilmar sem ábúandi greitt jarðarafgjöld af jörðinni til stefnanda, sbr. dskj. nr. 51, greiðslufirlit jarðarafgjalda vegna Hamarshjáleigu. Þá liggur fyrir í málinu yfirlýsing ábúenda, dags. 1. desember 2016, sbr. dskj. nr. 15, þar sem fram kemur að árlega hafi verið greidd jarðarafgjöld vegna jarðarinnar. Þá hafi ábúendur frá upphafi litið svo á að Ríkissjóður Íslands væri eigandi jarðarinnar og ábúendur litið svo á að þeim sem ábúendum væri unnt að fá jörðina keypta samkvæmt ákvæðum jarðalaga.

Fram kemur í yfirlýsingu Hilmars Elísar Árnasonar og Stefaníu Geirsdóttur, sbr. dskj. nr. 15, að við upphaf ábúðar

þeirra hafi þau keypt 121 fermetra íbúðarhús á jörðinni af fráfarandi ábúanda jarðarinnar Kristni Karli Ægissyni, sem byggði húsið. Hilmar Elís Árnason er skráður eigandi íbúðarhúss jarðarinnar, skráður kaupdagur í fasteignaskrá Þjóðskrár er 30. júlí 1987, sbr. dskj. nr. 75-76. Þá liggur fyrir kaupsamningur um húsið, þar sem Hilmar Árnason og Stefanía Geirsdóttir, kaupa íbúðarhúsið að Hamarshjáleigu, nánar tiltekið einnar hæðar timburhús ca 123 fm byggt á staðnum árið 1984-1985, dags. 19. júní 1987, af Kristni Karli Ægissyni, sbr. dskj. nr. 44, en í athugasemdum í kaupsamningnum kemur fram að kaupandi hafi nú þegar fengið ábúðarrétt frá ráðuneytinu. Í sögu jarðar, dskj. nr. 50, kemur jafnframt fram að húsið var byggt af Kristni Karli Ægissyni, fyrrum ábúanda jarðarinnar.

Að því er varðar eignarheimildir Ríkissjóðs Íslands sérstaklega er vísað til þess að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, annað bindi, fyrsta hefti, 1918, bls. 16, sbr. dskj. nr. 17, er á því byggt að Hamarshjáleiga hafi verið í eigu kirkjunnar frá fornu fari, byggð fyrst á seinni hluta 17. aldar. Jörðin sé frá upphafi partur af jörðinni Hamri (nú Hamar 1 og 2, landnr. 165484), sem var í eigu kirkjunnar (beneficium) í Gaulverjabæjarhreppi, sbr. bls. 16 í Jarðabók Árna og Páls, sbr. dskj. nr. 17.

Þá er vísað til þess að jörðin er skráð í jarðatölum, fasteignabókum og fasteignamati allt frá því fyrst 1847, sbr. dskj. nr. 18-26.

Þá er byggt á því að í ritinu Sunnlenskar byggðir II, 1981, bls. 166-167, komi fram um Hamarshjáleigu að jörðin muni upphaflega hafa verið byggð úr ríkisjörðinni Hamri og sé einnig ríkisjörð, sbr. dskj. nr. 32.

Í svari fjármálaráðherra um jarðeignir ríkisins og leigutekjur af þeim, á 104. löggjafarþingi, sjá dálk 2757 í B-deild Alþingistiðinda, er Hamarshjáleiga talin upp í yfirliti yfir jarðeignir ríkisins, sbr. dskj. nr. 77.

Jafnframt er byggt á því varðandi eignarheimild Ríkissjóðs Íslands að eignarhald Hamarshjáleigu, hafi ekki verið flutt formlega til Þjóðkirkjunnar þegar skipting á kirkjujörðum fór fram milli ríkis og kirkju með samkomulagi um prestssetur og afhendingu þeirra, dags. 20. október 2006, sbr. dskj. nr. 38, fylgiskjal nr. I við frumvarp til laga nr. 82/2007 um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997 (hér eftir Samkomulagið). Aðdragandi þess var að þann 23. desember 1982 skipaði páverandi dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd vegna óvissu sem talin var ríkja um eignarhald á kirkjujörðum, svokallaða Kirkjueignanefnd. Hlutverk nefndarinnar var að kanna hverjar kirkjueignir væru og hefðu verið, gefa álit um réttarstöðu þeirra og gera grein fyrir hvernig ráðstöfun á þeim hefði verið háttáð. Í álitgerð Kirkjueignanefndar – fyrri hluta – 1984, kemur jörðin Hamarshjáleiga fyrir á bls. 88-90 í upptalningu yfir kirkjujarðir í Árnessýslu, unninn upp úr skrá um ábúendur og eftirgjöld ríkisjarða í maí 1980, sbr. dskj. nr. 33.

Með lögum nr. 137/1993 um prestssetur færðist stjórnsýsla prestssetra og tilsjón með þeim frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til kirkjunnar. Engin afstaða var þó tekin til eignarréttar yfir prestssetrum með lögnum, sbr. almennar athugasemdir við frumvarp til laganna.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 82/2007, þar sem samkomulagið er m.a. að finna, kemur fram að með samkomulaginu verði afhent til fullrar eignar og ráðstöfunar þau prestssetur og prestssetursbústaðir sem kirkjunni hafi verið afhent með lögum um prestssetur frá 1993, ásamt þeim

fasteignum sem kirkjan hafi keypt fyrir eigið fé frá þeim tíma, sjá dskj. nr. 38.

Með Samkomulaginu, sbr. 1. og 3. gr. þess m.a., sjá dskj. nr. 38, var eignarréttur Þjóðkirkjunnar á þeim tilteknu prestssetrum sem í Samkomulaginu voru sérstaklega tilgreindar staðfestur og skyldi íslenska ríkið afhenda Þjóðkirkjunni eignirnar í kjölfarið til fullra yfirráða ásamt þeim réttindum, skyldum og/eða kvöðum sem fylgdu.

Í 6. gr. Samkomulagsins segir jafnframt að með Samkomulaginu séu ekki afhentar aðrar eignir en þær sem þá þegar séu á forræði Prestssetrasjóðs. Hjáleigur prestssetursjarða, nýbýli, lóðir og jarðarhlutar sem skipt hafi verið út úr hinum afhentu jörðum gangi ekki til Þjóðkirkjunnar né andvirði fyrir sölu þeirra, nema þess sé sérstaklega getið í samkomulaginu, sbr. III. kafla þess, sbr. dskj. nr. 38.

Jarðarinnar Hamarshjáleigu er hvorki getið í II. kafla Samkomulagsins yfir þær eignir, prestssetursjarðir eða prestsbústaði sem afhentir voru Þjóðkirkjunni til yfirráða frá 1. janúar 2007 eða III. kafla samkomulagsins þar sem tilgreindar voru þær eignir sem Prestssetrasjóður hafði keypt eða byggt og skyldu verða eignir Þjóðkirkjunnar.

Vísað er til 9. gr. Samkomulagsins en þar kemur fram að aðilum sé ljóst að í einhverjum tilvikum kunni að skorta eignarheimildir fyrir eignum þeim sem samkomulagið tekur til. Í 2. mgr. 9. gr. segir að lög um breytingar á lögum nr. 137/1993, um prestssetur, ásamt samkomulagi aðila frá 20. október 2006, teljist fullnægjandi eignarheimild til að unnt verði að skrá prestssetrin og fá þeim þinglýst sem eign Þjóðkirkjunnar. Í 2. mgr. 9. gr. kemur fram að rísi vafi hjá þinglýsingarstjóra um skráningu í eigna- og veðmálabækur, skuli dóms- og kirkjumálaráðuneytið útbúa sérstaka yfirlýsingu er skapi eignarheimild Þjóðkirkjunnar að tilteknu prestssetri.

Byggt er á því að samkomulagið taki til Hamarshjáleigu. Hamarshjáleiga var hjáleiga á kirkjujörð. Þar sem ekki var prestbústaður í notkun á jörðinni þá varð hún eftir hjá ríkinu sem hluti af greiðslu kirkjunnar gegn tilteknum efndum af hálfu ríkisins.

Byggt er á því að hefð og venja sé fyrir því að Ríkissjóður Íslands þinglýsi á jarðir og lóðir sem hafi verið í þeirra umráðum og afnotum til lengri tíma sambærilegum yfirlýsingum um eignarhald og ákvörðun þinglýsingarstjóra, dags. 31. október 2016 varðaði. Í tilviki Hamarshjáleigu er um að ræða ríkisjörð sem hefur áratugum saman verið í ábúð, athugasemdalaust, auk þess sem Ríkissjóður Íslands og ábúendur jarðarinnar hafi staðið skil af sköttum og gjöldum jarðarinnar í samræmi við álagningu opinberra aðila sem fari eftir opinberri skráningu fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands.

Eignarhald á svokölluðum konungsjörðum, þjóðjörðum og kirkjujörðum, ásamt hjájörðum þessara jarða hefur oft varað öldum saman. Jarðirnar hafa ekki verið seldar og framsal ekki átt sér stað fyrir arf. Í því felst sérstaða ríkisjarðanna. Ljóst er að hægt er að rekja sögu Hamarshjáleigu til fortíðar í gegnum skriflegar heimildir um eldri tíð og gerninga landeiganda, s.s. eldri byggingarbréf til ábúenda. Vegna þessarar stöðu hefur tíðkast að ráðuneyti og ríkisstofnanir sem umráðendur og raunverulegir eigendur viðkomandi jarða og lóða í ríkiseigu útbúi sérstaka eignayfirlýsingu um eignarhald ríkisins til þinglýsingar.

Þá er vísað til þess að þinglýsingarstjóri hafi þinglýst á jörðina Hamarshjáleigu veðleyfum, dags. 20. nóvember

1985 og 15. maí 1986, án athugasemda, sbr. dskj. nr. 46-48. Þá var þinglýst á jörðina yfirlýsingu ábúenda Hamars 1 og 2, Hamarshjáleigu og Skógsness, um landamerki milli ríkisjarðanna Hamars 1 og 2, Hamarshjáleigu og Skógsness, án athugasemda, dags. 4. mars 2003, sbr. dskj. nr. 43.

Af hálfu stefnanda er að lokum byggt á því, verði ekki fallist á beinan eignarrétt, að stefnandi hafi öðlast eignarrétt að fasteigninni Hamarshjáleigu, landnr. 165485, fastanúmer 219-9072, mhl. 00, 01, 10 og 11, fyrir hefð samhliða umráðum og nýtingu jarðarinnar til búsetu og landbúnaðar, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, en í 1. mgr. 2. gr. laganna segir að skilyrði fyrir hefð að fasteign sé 20 ára óslitið eignarhald. Samkvæmt 6. gr. laganna skapar fullnuð hefð eignarrétt yfir þeim hlut sem í eignarhaldi var og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild.

Ríkiseignir byggja á því að ekki sé fyrir hendi efnislegur ágreiningur um að Ríkissjóður Íslands sé lögmætur eigandi Hamarshjáleigu, landnr. 165485, en jörðin hefur verið í ábúð til lengri tíma og í umráðum kirkju og ríkis öldum saman án þess að gerðar hafi verið athugasemdir við eignarrétt eða eignarhald. Þá er Ríkiseignum ekki kunnugt um að nokkur aðili hafi gert athugasemdir við umráð Ríkissjóðs Íslands vegna jarðarinnar eða ríkisábúð þá sem stunduð hefur verið á jörðinni til lengri tíma. Stefnandi er í góðri trú um eignarhald sitt að jörðinni og fasteignum og hefur farið með yfirráð og umsýslu þeirra í áratugi.

Ríkiseignum er ekki kunnugt um að neinn aðili hafi gert tilkall til þeirra eignarhluta sem málið varða eða mótmælt umráðum og eignarráðum Ríkissjóðs Íslands. Tilkall annarra aðila til sé í öllu falli fallinn niður fyrir tómlæti og/eða fyrningu komi til þess að gert verði tilkall til jarðarinnar.

Ljóst er að fyrir hendi er ómöguleiki fyrir Ríkissjóð Íslands til þess að framvísa formlegri eignarheimild, frumskjali, að því leyti að ekki hafa fundist í skjalasöfnum Jarðasjóðs ríkisins skjöl sem jafna megir til formlegrar eignarheimildar. Ekki liggja fyrir gögn um hvernig skráningu sýslumanns var háttad fyrir gildistöku laga nr. 39/1978 en atvik og gögn málsins bera með sér að litið hefur verið svo á að Ríkissjóður Íslands væri lögmætur eigandi jarðarinnar.

Frávísun sýslumanns á yfirlýsingu Ríkissjóðs Íslands um eignarrétt var formlegs eðlis, en ekki efnisleg. Af hálfu sýslumannsins og dómstóla hefur verið bent á að Ríkiseignum sé sá kostur einn opinn í stöðunni að höfða eignardómsmál þetta. Ríkiseignir byggja á því með tilliti til eðlis, staðreynda og atvika málsins, að enginn vafi leiki á um eignarrétt Ríkissjóðs Íslands að jörðinni Hamarshjáleigu og þeim fasteignum sem málið varða. Að mati stefnanda má ætla að skráning í veðmálabækur og dagbækur þinglýsingarstjóra á þeim tíma sem umræddar þinglýsingar fóru fram hafi borið með sér eignarrétt Ríkissjóðs Íslands. Eignarréttur íslenska ríkisins vegna jarðarinnar Hamarshjáleigu, sem upphaflega var kirkjujörð í eigu íslenska ríkisins, hafi a.m.k. að fullu verið staðfestur með samkomulagi Þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins, dags. 20. október 2006, enda hafi jörðin þá ekki verið afhent Þjóðkirkjunni til eignar. Með vísan til 9. gr. samkomulagsins telst samkomulagið fullnægjandi eignarheimild bæði um þær jarðir sem verða eftir hjá ríkinu og þær sem með samkomulaginu skal afhenda Þjóðkirkjunni og þar með eignayfirlýsing Ríkiseigna, dags. 8. apríl 2016. Hefð og venja sé fyrir því að fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands sé þinglýst eignayfirlýsingum til staðfestingar eignarheimild þegar jarðir hafi verið í ábúð í áratugi án athugasemda aðila sem

kunna að telja sig eiga rétt eða heimildir vegna jarðar eða lóðar og hefðbundin eignarheimild liggi ekki fyrir, s.s. kaupsamningur eða afsal. Að þessu leyti er einkum vísað til 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, um friðhelgi eignarréttar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, og meginreglna eignarréttar, fasteignaréttar og samningaréttar.

Stefnandi telur að við meðferð málsins sé nauðsynlegt að leggja til grundvallar sérstöðu íslenska ríkisins, Ríkissjóðs Íslands, sem landeigenda. Eignarhald á svokölluðum konungsjörðum, þjóðjörðum og kirkjujörðum ásamt hjájörðum þessara jarða hefur oft varað öldum saman. Jarðirnar hafa ekki verið seldar og framsal ekki átt sér stað fyrir arf. Í því felst sérstaða ríkisjarðanna og hægt er að rekja sögu þessara jarða, þ.m.t. Hamarshjáleigu, til fortíðar í gegnum skriflegar heimildir um eldri tíð og gerninga landeigenda, s.s. eldri byggingarbréf til ábúenda.

Vegna úrskurðar Hæstaréttar í málinu nr. 189/2017, dags. 25. apríl 2017, er óhjákvæmilegt annað en að höfða eignardómsmál þetta til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda. Leiðrétting skráningar eiganda jarðarinnar er nauðsynlegur undanfari þess að Ríkissjóður Íslands geti uppfyllt skyldu sína samkvæmt 36. gr. jarðalaga nr. 81/2004 að selja ábúanda jörðina, enda séu skilyrði ákvæðisins fyrir hendi. Sú skylda verður ekki uppfyllt nema hægt sé að þinglýsa kaupsamningi og afsali vegna jarðarinnar.

Aðild og skilyrði eignardómsmáls: Samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands, dags. 22. september 2017, sbr. dskj. nr. 77, er Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459, skráður eigandi jarðarinnar Hamarshjáleigu, landnr. 165485, mhl. 00 og 01, sem og geymslu á mhl. 10 og 11. Jarðeignir ríkisins (nú Ríkiseignir), kt. 680981-1759, fara með umráð þeirra eignarhluta sem málið varða og fara með málið í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Um opinber gögn og skráningu er að ræða. Málið er höfðað til viðurkenningar á skráðum eignarrétti Ríkissjóðs Íslands vegna jarðarinnar og framangreindra fasteigna vegna þess að ekki hefur reynst unnt að þinglýsa yfirlýsingu um eignarrétt að framangreindum fasteignum eða finna gögn eða skjöl sem jafna má til formlegrar eignarheimildar. Óvíst er hver eða hverjir kunni að telja til réttinda vegna jarðarinnar og fasteignanna og stefnanda er því ekki fært annað en að höfða eignardómsmál skv. heimild í 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Lagarök: Um lagarök er af hálfu stefnanda vísað til meginreglna eignar-, samninga- og fasteignakauparéttar sem og meginreglna um eignarráð fasteignareigenda. Þá er vísað til meginreglna hefðarréttar, sbr. einnig 1., 2. og 3. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Vísað er til meginreglna einkamálaréttarfars um sönnun. Vísað er til þinglýsingalaga nr. 39/1978, laga nr. 82/2007 um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Vísað er til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 120. – 121. gr. sömu laga, um meðferð málsins. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 2. mgr. 120. gr. og 121. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 122. gr. sömu laga. Stefnan er birt í Lögbirtingablaði, skv. 3. mgr. 121. gr., sbr. 2. mgr. 122. gr. sömu laga. Krafa um málskostnað byggir á 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. laga

nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Að öðru leyti er vísað til þeirra réttarheimilda sem stefnandi hefur vísað til í stefnu og gögnum málsins.

Framlögð skjöl:

1. Stefna, dags. 22. september 2017.
2. Skjalaskrá, dags. 22. september 2017.
3. Bréf Fanneyjar H. Hilmarasdóttur, hdl., dags. 17. mars 2015.
4. Tölvupóstur Fanneyjar H. Hilmarasdóttur, dags. 11. febrúar ásamt umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps um kaup ábúenda Hamarshjáleigu á jörðinni, dags. 6. mars 2015.
5. Fundargerð sveitarstjórnar Flóahrepps, dags. 4. mars 2015.
6. Skoðunar- og matsskýrsla Ríkiskaupa, dags. í desember 2015.
7. Bréf Ríkiseigna, dags. 14. apríl 2016.
8. Eignayfirlýsing Ríkissjóðs Íslands, dags. 8. apríl 2016.
9. Bréf Ríkiseigna, dags. 22. apríl 2016, ásamt kaupsamningi/Afsali vegna Hamarshjáleigu, óundirritað.
10. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 15. júlí 2016.
11. Ákvörðun Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 31. október 2016.
12. Tölvupóstur fulltrúa Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 9. nóvember 2016.
13. Bréf Ríkiseigna til Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 25. ágúst 2016
14. Kæra á ákvörðun Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 23. nóvember 2016.
15. Yfirlýsing Hilmars Árnasonar og Stefaniú Sigríðar Geirsdóttur, dags. 1. desember 2016.
16. Veðbandayfirlit Hamarshjáleigu, dags. 28. ágúst 2017
17. Ljósrit úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, annað bindi, fyrsta hefti, 1918, bls. 16-17.
18. Ljósrit úr Jarðabók, bls. 58-59, Gaulverjabæjarhreppur 1847
19. Ljósrit úr Jarðabók, bls. 29, Árnessýsla 1861
20. Ljósrit úr Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu, 12/4 1918, bls. 174-176.
21. Ljósrit úr Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu 1932, bls. 11.
22. Ljósrit úr Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu, Gaulverjabæjarhreppur 1942.
23. Ljósrit úr Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu bls. 341, Árnessýsla 1957.
24. Fasteignamat, 1922.
25. Fasteignamat, 1957.
26. Fasteignamat, dags. 27. janúar 1971.
27. Byggingarbréf, dags. 4. september 1950.
28. Byggingarbréf, dags. 2. október 1974, ógilt.
29. Byggingarbréf, dags. 15. júlí 1977.
30. Byggingarbréf, dags. 26. maí 1978.
31. Bréf landbúnaðarráðuneytisins, dags. 27. janúar 1988, ásamt byggingarbréfi, óundirritað.
32. Sunnlenskar byggðir II, forsiða og bls. 115, 124, 166-167.
33. Álitsgerð Kirkjueignanefndar, fyrri hluti 1984, forsiða og bls. 88.
34. Kirkjueignir á Íslandi 1597-1985 - Inngangur, desember 1992, efnisyfirlit og bréf Kirkjueignanefndar til kirkjumálaráðherra, dags. 2. febrúar 1993.
35. Kirkjueignir á Íslandi 1597 – 1984, fylgiskjöl F1 – F13, forsiða, bls. 1-14 og 63-65

36. Kirkjueignir á Íslandi 1597 – 1984 II. Skrár, forsiða og bls. 72-73.
37. Eignaskrá ríkisins 1991, forsiða, efnisyfirlit, inngangsorð og bls. 187.
38. Frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997 (11 bls.).
39. Veðbókarvottorð vegna Hamars I, Gaulverjabæjarhreppi, 20/5 1986, (veðbönd yfirstrikuð).
40. Veðbókarvottorð vegna Hamars II, Gaulverjabæjarhreppi, 20/5 1986 (veðbönd yfirstrikuð).
41. Veðbókarvottorð vegna Hamars I, Gaulverjabæjarhreppi, 21/8 1985 (veðbönd yfirstrikuð).
42. Veðbókarvottorð vegna Hamars II, Gaulverjabæjarhreppi, 21/8 1985 (veðbönd yfirstrikuð).
43. Yfirlýsing ábúenda Hamars I og II, Hamarshjáleigu og Skógsness, Gaulverjabæjarhreppi, dags. 4. mars 2003, ásamt uppdretti Landgræðslu ríkisins.
44. Kaupsamningur um íbúðarhúsið að Hamarshjáleigu, dags. 19. júní 1987.
45. Veðleyfi, dags. 21. desember 1965.
46. Veðleyfi, dags. 15. maí 1986.
47. Veðleyfi, dags. 20. nóvember 1985.
48. Veðleyfi, dags. 20. nóvember 1985.
49. Skjalalisti, dags. 23. nóvember 2016.
50. Saga jarðarinnar Hamarshjáleigu í skjalakerfi Ríkiseigna.
51. Stöðuyfirlit jarðarafgjalda, dags. 6. september 2017.
52. Landskiptagerð, dags. 26. maí 1937.
53. Tilkynning um greiðslu úr Ríkissjóði, dags. 5. maí 1975.
54. Tilkynning um greiðslu úr Ríkissjóði, dags. 27. október 1975.
55. Tilkynning um greiðslu úr Ríkissjóði, dags. 7. janúar 1976.
56. Tilkynning um greiðslu úr Ríkissjóði, dags. 8. júní 1976.
57. Tilkynning um greiðslu úr Ríkissjóði, dags. 4. nóvember 1976.
58. Tilkynning um greiðslu úr Ríkissjóði, dags. 5. maí 1977.
59. Tilkynning um greiðslu úr Ríkissjóði, dags. 23. janúar 1978.
60. Tilkynning um greiðslu úr Ríkissjóði, dags. 3. apríl 1978.
61. Bréf landbúnaðarráðuneytis, dags. 4. júlí 1960.
62. Bréf landbúnaðarráðuneytis, dags. 20. október 1960.
63. Bréf landbúnaðarráðuneytis, dags. 17. janúar 1961.
64. Bréf landbúnaðarráðuneytis, dags. 21. janúar 1963.
65. Bréf landbúnaðarráðuneytis, dags. 30. október 1974.
66. Úttekt í Hamarshjáleigu, dags. 1. júní 1950.
67. Úttekt í Hamarshjáleigu, dags. 1. júní 1950.
68. Úttekt í Hamarshjáleigu, dags. 4. febrúar 1954.
69. Úttekt í Hamarshjáleigu, dags. 5. september 1962.
70. Úttekt í Hamarshjáleigu, dags. 28. maí 1974.
71. Úttekt í Hamarshjáleigu, dags. 8. júní 1977.
72. Úttekt í Hamarshjáleigu, dags. 26. maí 1978.
73. Úttekt í Hamarshjáleigu, dags. 21. maí 1987.
74. Skráning Þjóðskrár Íslands, dags. 14. apríl 2016.
75. Skráning Þjóðskrár Íslands, dags. 23. nóvember 2016.
76. Skráning Þjóðskrár Íslands, dags. 22. september 2017.
77. Svar fjármálaráðherra varðandi jarðeignir ríkisins og leigutekjur, á 104. löggjafarþingi, dalkur 2757 í B-deild Alþingistíðinda
78. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefna þessi er birt í.

Almennur áskilnaður: Stefndi áskilur sér rétt til að leggja

fram fleiri skjalleg sönnunargögn, leiða fram vitni og til að koma fram með frekari kröfur, málsástæður, mótmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þ.á.m. við munnlegan flutning málsins, allt eftir framvindu málsins fyrir héraðsdómi.

Skýrslugjöf: Stefndi áskilur sér rétt til að leiða fyrir dóm vitni, en a.m.k. liggur fyrir að ábúendur jarðarinnar verða leidd fyrir dóm af hálfu stefnanda allt eftir framvindu málsins. Verður nafnalisti ef til kemur afhentur héraðsdómi með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalmeðferð málsins.

Varnarþing: Máli þessu er stefnt fyrir héraðsdómi Suðurlands skv. 2. mgr. 120. gr. og 121. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 122. gr. sömu laga.

Fyrirkall: Hér með stefnist hverjum þeim, sem kann að telja sig eiga rétt til nefndrar jarðar og fasteigna, jarðarinnar Hamarshjáleigu í Flóahreppi, landnúmer 165485, fastanúmer 219-9072, mhl. 00, ræktaðs lands mhl. 01, geymslu mhl. 10 og hesthúss mhl. 11, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Suðurlands, sem haldið verður í dómsal dómstólsins við Austurveg 4, Selfossi kl. 14.00, miðvikudaginn 6. desember 2017, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skilríki og gögn í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar og sanna rétt sinn yfir jörðinni og fasteignunum og leggja fram gögn af sinni hálfu, en að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu um eignarrétt stefnanda og að kröfur stefnanda um að hann sé réttur og löglegur eigandi ofangreindrar jarðar og fasteigna, verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Selfossi, 18. október 2017.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.

(2017019280

Útgáfud.: 23. október 2017

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefndi: Arion banki hf, kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi/-u: Hádegismóar ehf., kt. 540605-0920, Hlíðarhjalla 67, Kópavogi, fyrirsvarsmaður Ragnar Már Gunnarsson, kt. 310771-3419, Flétturima 30, Reykjavík, Lúðvík Vestar Davíð Tryggvason, kt. 101275-4779, óstaðsettur í hús í Reykjavík og Rafn Ari Grétarsson, kt. 240880-4239, Hlíðarhjalla 67, Kópavogi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 5.083.748, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 5.083.748 frá 20. júlí 2017 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda Hádegismóa ehf., við stefnanda á veltureikningi nr. 0301-26-540605. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna yfirdráttarheimildar sem samþykkt var af hálfu stefnanda að ósk stefnda Hádegismóa ehf. Með öðrum orðum fékk stefndi Hádegismóar ehf., heimild frá stefnanda til að yfirdraga nefndan reikning upp að tiltekinni fjárhæð og stofna þannig til skuldar við stefnanda.

Síðasta yfirdráttarheimild sem stefnandi samþykkti féll niður þann 12. júní 2017, án þess að til framlengingar kæmi og bar stefnda Hádegismóum ehf. því að greiða kröfuna á þeim degi. Skuldin var þó ekki greidd á gjalddaga og var reikningnum í kjölfarið lokað, nánar tiltekið þann 20. júlí 2017. Nam þá uppsöfnuð skuld veltureikningsins stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Þann 29. maí 2015 rituðu stefndu, Lúðvík Vestar Davíð Tryggvason og Rafn Ari Grétarsson, undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar á framangreindum reikningi, sbr. dskj. nr. 4. Með yfirlýsingunni ábyrgðust ábyrgðaraðilar sig persónulega til að tryggja efndir á skuldbindingum reikningseiganda eins og um þeirra eigin skuld væri að ræða gagnvart stefnanda. Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar nam kr. 11.500.000, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefndu að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi krefst ekki dráttarvaxta frá umsömdum gjalddaga kröfunnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu heldur lætur stefnandi nægja að krefjast dráttarvaxta frá síðara tímamarki, þ.e. frá þeim degi sem reikningnum var lokað, til hagsbóta fyrir stefndu.

Stefna gagnvart stefnda Lúðvík Vestar Davíð Tryggvasyni er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi óstaðsettur í hús í Reykjavík, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. og 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.

3. Reikningaskrá.
4. Yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð v/yfirdráttarheimildar.
5. Innheimtubréf.
6. Tilkynning um vanskil vegna yfirdráttar.
7. Útprentun úr Hlutfélagaskrá.
8. Útprentun úr Þjóðskrá.
9. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/i dómhúsinu við Lækjartorg í dómsal 102, Reykjavík, þann 14. desember 2017, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 3 sólarhringar gagnvart stefndu Hádegismóum ehf. og Rafni Ara Grétarssyni, en einn mánuður gagnvart stefnda Lúðvík Vestar Davíð Tryggvasyni.

Reykjavík, 25. september 2017.

F.h. stefnanda,

Karl Óttar Pétursson hrl.

(2017019296

Útgáfud.: 23. október 2017

Stefna - til greiðslu skuldar

**Lýsing hf.,
kt. 621101-2420,
Ármúla 1, Reykjavík,**

Gjörir kunnugt: Að fyrirtækið þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Lindu Halldórsson, kt. 090974-2979, með óþekkt heimilisfang í Bretlandi, til greiðslu á skuld auk dráttarvaxta og málskostnaðar að skaðlausu.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Undirritaður lögmaður, Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda. Fyrirsvarsmaður stefnanda er forstjóri félagsins, Lilja Dóra Halldórsdóttir, kt. 041267-5189, Hegranesi 31, Garðabæ.

Dómkröfur: Stefndi krefst þess að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 3.522.569, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 31.431 frá 4. október 2010 til 5. mars 2011, af kr. 139.451 frá þeim degi til 4. apríl 2011, af kr. 175.063 frá þeim degi til 5. apríl 2011, af kr. 282.416 frá þeim degi til 5. maí 2011, af kr. 389.788 frá þeim degi til 3. júní 2011, af kr. 3.309.381 frá þeim degi til 5. júní 2011, af kr. 3.416.773 frá þeim degi til 24. júní 2011, af kr. 3.446.773 frá þeim degi til 30. júní 2011, af kr. 3.453.673 frá þeim degi til 24. október 2011, af kr. 3.522.569 frá þeim degi til til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð kr. 1.362.700 þann 21. júní 2011.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins verði

slíkur reikningur ekki lagður fram.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á ógreiddum leigugreiðslum samkvæmt kaupleigusamningi nr. 70024789-792, dags. 12. júlí 2006 (dskj. nr. 3).

Kaupleigusamningurinn var upphaflega á milli stefnanda og Erlings Freys Guðmundssonar, kt. 270677-4369 en með samkomulagi um yfirtöku, dags. 3. nóvember 2008, tók stefnda yfir samninginn (sjá dskj. nr. 4). Með umræddum kaupleigusamningi leigði stefnandi stefndu bifreið af tegundinni Land Rover Range Rover, fnr. DI-348, árg. 2005. Við endurútreikning samningsins þann 8. mars 2011 (dskj. nr. 5) fékk samningurinn númerið 70113163.

Í 1. gr. samningsins kemur fram nánari lýsing á leiguandlaginu.

Í 3. gr. samningsins er gerð grein fyrir grunnleigutímanum, hvenær leigugreiðslur hefjast og fjölda leigugreiðslna.

Í 4. gr. samningsins kemur fram hver sé leigugrunnurinn. Leigufjárhæð er þar einnig tilgreind og sem og greiðslutilhögun leigugreiðslnanna og skipting þeirra eftir gjaldmiðlum samningsins.

Í 20. gr. samningsins kemur fram að greiði leigutaki ekki leigu og aðrar greiðslur sem honum ber að greiða á gjalddaga, skuli hann greiða Lýsingu hf. dráttarvexti af hinni vangreiddu fjárhæð ásamt kostnaði skv. gjaldskrá Lýsingar hf. og lögmanna félagsins.

Í 21. gr. samningsins er fjallað um riftun, í 22. gr. er fjallað um skil leigumunar og í 23. gr. um uppgjör í tengslum við lok leigusamnings.

Í 26. gr. samningsins kemur fram að breytingar á samningnum megi aðeins gera með skriflegum viðauka, undirrituðum af samningsaðila.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 153/2010 og 471/2010 og setningu laga nr. 151/2010 um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingum, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara, tók stefnandi þá ákvörðun að endurreikna alla gengistryggða kaupleigusamninga, þar á meðal samninginn sem liggur til grundvallar í máli þessu. Niðurstaða endurútreikningsins var í kjölfarið send stefndu þann 8. mars 2011 (dskj. 5).

Allir þeir reikningar sem krafist er greiðslu á í þessari stefnu eru í samræmi við dóma Hæstaréttar. Auk vangreiddra leigugreiðslna, hefur stefnda ekki greitt lögboðin gjöld af leigumununum og hefur kostnaður vegna þess fallið á stefnanda.

Vegna vanskila var fyrrgreindum kaupleigusamningi rift þann 24. maí 2011 og stefnda krafin um greiðslu auk vaxta og kostnaðar í samræmi við 21. gr. samninga aðila (dskj. 6). Var þar jafnframt skorað á stefndu að skila leigumun samningsins. Stefnda varð ekki við því og var leigumunurinn því vörslusviptur. Í framhaldinu fór fram uppgjör á samningnum þann 24. október 2011 (dskj. 7). Við framkvæmd uppgjörins voru allar eftirstöðvar leigugrunns samningsins gjaldfelldar í heild sinni (þær leigugreiðslur sem ekki voru þegar gjaldfallnar), sbr. 23. gr. samningsins. Til frádráttar skuld stefndu kom matsverð leigumunar. Stefnda hefur ekki orðið við áskorunum stefnanda um að greiða áðurnefndar kröfur og hefur ekki greitt af samningunum frá því á árinu 2010. Í ljósi þessa er stefnanda því nauðsyn að höfða dómsmál þetta til innheimtu á kröfum sínum.

Stefnandi byggir á því að ógreidd sé skuld stefndu samkvæmt kaupleigusamningi aðila nr. 70024789-792 (síðar nr.

70113163), dags. 12. júlí 2006, auk áfallinna dráttarvaxta og útlagðs kostnaðar sem sundurliðast svo:

Tilvísun:	Gjaldagi:	Upphæð:
Bifreiðagjald v. DI 348 2. tb. 2010	4. október 2010	kr. 31.431
Leigureikningur	5. mars 2011	kr. 108.020
Bifreiðagjald v. DI 348 1. tb. 2011	4. apríl 2011	kr. 35.612
Leigureikningur	5. apríl 2011	kr. 107.353
Leigureikningur	5. maí 2011	kr. 107.372
Eftirstöðvar samnings	3. júní 2011	kr. 2.919.593
Leigureikningur	5. júní 2011	kr. 107.392
Vanrækslugjald DI 348	24. júní 2011	kr. 30.000
Ástandsskoðun DI 348	30. júní 2011	kr. 6.900
Umsjónargjald v. sölu	24. október 2011	kr. 15.060
Sölulaun	24. október 2011	kr. 53.836
Samtals		kr. 3.522.569
Matsverð á DI 348 Land Rover Range Rover	21. júní 2011	kr. 1.362.700

Stefnandi byggir á því að skuld stefnda vegna kaupleigusamningsins sé, skv. ofangreindu, í heild að fjárhæð kr. 3.522.569. Frá þeirri skuld dregst innborgun að fjárhæð kr. 1.362.869 þann 21. júní 2011, en innborgunin jafngildir matsverði leigumunarins (dskj. 8), sbr. 23. gr. samnings aðila. Hægt er að flokka ofangreindar kröfur í þrjá flokka: 1) uppgjörskröfu, 2) leigureikninga og 3) reikninga vegna útlagðs kostnaðar.

1) Uppgjörskrafa: Í apríl 2011 var bifreiðin Land Rover Range Rover, fnr. DI 348, vörslusvipt og færð stefnanda til umráða í kjölfar riftunar kaupleigusamnings nr. 70036770-774 (70110415). Í framhaldinu fór fram uppgjör á kröfum vegna umræddrar bifreiðar, sbr. 23. gr. kaupleigusamnings

aðila (dskj. 7). Við það stofnaðist uppgjörskrafa alls að fjárhæð kr. 2.919.593 (dskj. 9).

2) Leigureikningar: Ögreiddir eru fjórir útgefnir leigureikningar. Hér er um að ræða útgefnar kröfur stefnanda um greiðslu samkvæmt kaupleigusamningi aðila. Reikningar voru gefnir út mánaðarlega í samræmi við ákvæði samnings aðila. Nánari sundurliðun á leigugreiðslum er að finna á umræddum leigureikningum (dskj. nr. 10) en krafa vegna útgefna leigureikninga nemur kr. 430.137.

3) Reikningar vegna útlagðs kostnaðar. Krafist er greiðslu reikninga vegna útlagðs kostnaðar vegna vanrækslu- og bifreiðagjalda í rikissjóð. Jafnframt er krafist greiðslu á lögboðinni bifreiðaskoðun en um er að ræða opinbert gjald sem stefndu bar að greiða en það féll á stefnanda vegna vanrækslu stefndu. Þá er krafist greiðslu á kostnaði vegna skoðunar- og kostnaðarmats og sölu á bifreiðinni DI-348. Stefnda skuldbatt sig til að greiða framangreindan kostnað með undirritun sinni á kaupleigusamningi aðila, sbr. 22., 23. og 24. gr. leigusamningsins (dskj. 3). Í heild nemur krafa stefnanda vegna útlagðs kostnaðar síns kr. 172.839. Afrit reikninga og yfirlit vegna útlagðs kostnaðar eru lögð fram með stefnu þessari (dskj. 11).

Samkvæmt 20. gr. kaupleigusamnings aðila reiknast dráttarvextir á á vangreiðdar leigugreiðslur auk þess sem leigutaki, hér stefnda, skal greiða allan kostnað sem hlýst af slíkum vangreiðslum. Gjaldldagi leigugreiðslna er 5. hvers mánaðar líkt og fram kemur í leigusamningi aðila. Dráttarvextir af útlögðum kostnaði reiknast frá gjalddaga hvers reikningsins, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár Íslands og Sýslumannsins á Suðurnesjum er stefnda búsett í Bretlandi en ekki hefur ekki fundist nákvæmt heimilisfang þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og eftirgrennsan stefnanda (dskj. nr. 12 og 13). Samkvæmt 1. gr. Haag samnings um birtingu erlendis á réttarskjöllum og utanréttarskjöllum í einkamálum og verslunarmálum gildir samningurinn ekki þegar heimilisfang viðtakanda er óþekkt. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Lagatilvísanir: Stefndandi vísar máli sínu til stuðnings til almennra reglna kröfuréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga og til ákvæða samningalaga nr. 7/1936. Vaxtakröfur styður stefndandi við 1., 2., 5. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Kröfu um málskostnað styður stefndandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Farið er fram á að við ákvörðun málskostnaðar sé tekið tillit til álagningar virðisaukaskatts á lögmannsþjónustu, sbr. lög nr. 50/1988, en stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur. Varnarþing stefnda byggir á 3. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991 en einnig kemur fram kemur í 28. gr. kaupleigusamnings aðila að heimilt sé að höfða mál þetta fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Um heimild til þess að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði vísast til 89.gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndandi leggja fram auk stefnu þessarar og skjalaskrár, afrit kaupleigusamnings, afrit reikninga, riftun, gögn frá þjóðskrá og sýslumanninum á Suðurnesjum vegna lögheimilis, birtingar stefnu og fleira.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til þess að reifa frekari

málsástæður og lagarök, leggja fram frekari gögn, s.s. ítarlegri skýringar á útreikningum að baki dómkröfum stefnanda, leiða vitni og aðila fyrir dóm ef tilefni gefst til. Þá er áskilinn réttur til dómkvaðningar matsmanna, gerist þess þörf.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Lindu Halldórsson, kt. 090974-2979, með óþekkt heimilisfang í Bretlandi, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 7. desember 2017, klukkan 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins, mega þeir búast við að útivistardómur gangi í málinu í samræmi við dómkröfur stefnanda, samkvæmt 113. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 5. september 2017.

F.h. stefnanda,

Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.

(2017019297

Útgáfud.: 23. október 2017

Stefna

Aðilar málsins eru:

Stefndandi: Arion banki hf, kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi/-u: Helgi Þorkell Eyjólfsson, kt. 291085-2379, óstaðsettur í hús, Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 85.217, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 45.564, frá 3. júlí 2017 til 2. ágúst 2017, af kr. 85.217 frá 2. ágúst 2017 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á reikningsyfirlitum v/VISA greiðslukorts:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1.	27. júní 2017	3. júlí 2017	45.564
2.	27. júlí 2017	2. ágúst 2017	39.653

Skuld stefnda er til komin vegna úttekta stefnda með VISA greiðslukorti nr. 4539-8501-4788-7509, sbr. dskj. nr. 3. Samkvæmt skilmálum kortsins bar stefnda að greiða úttektir hvers tímabils til stefnanda í síðasta lagi annan dag næsta mánaðar eftir lok viðkomandi tímabils. Skuldin hefur hins vegar ekki verið greidd af hálfu stefnda. Stefnda hefur verið tilkynnt um vanskilin, sbr. dskj. nr. 5.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Þess er sérstaklega óskað að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til áfallins innheimtukostnaðar stefnanda fram að löginneheimtu, sbr. dskj. nr. 8 ásamt bankakostnaði, eða áfallins innheimtukostnaðar fram að löginneheimtu, sem er að fjárhæð kr.4.120,00 og byggist á gjaldskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 6, reikningsyfirlit, sbr. dskj. nr. 3, og viðskiptaskilmálar stefnanda vegna VISA kreditkorta, sbr. dskj. nr. 7.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi óstaðsettur í hús en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningsyfirlit v/VISA-úttekta.
4. Reikningasaga.
5. Ljósrit af kortasviptingarbréfi.
6. Gjaldskrá Arion banka hf. vegna vanskila.
7. Útdráttur úr viðskiptaskilmálum VISA.
8. Málskostnaðarreikningur.
9. Útprintun úr Þjóðskrá.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómhúsinu við Lækjartorg í dómsal 102, Reykjavík, þann 14. desember 2017, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 2. október 2017.
F.h. stefnanda,
Karl Óttar Pétursson hrl.

(2017019298

Útgáfud.: 23. október 2017

Veðhafafundur

Vegna gjaldprotaskipta á þrotabúi Þorvalds Helgasonar, kt. 020270-5199, og með vísan til 3. mgr. 129. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl., er boðað til fundar með veðhöfum og öðrum þeim sem kunna að telja til réttinda yfir eftirtaldri fasteign þrotabúsins:

Eignahlut í jörðinni Bjarkarlandi, Rangárþingi eystra, fasteignanr. 163 745.

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Vestri-Garðsauka, Rangárþingi eystra, fimmtudaginn 2. nóvember 2017, kl. 11.00.

Á fundinum verður lagt fram tilboð í eignina að fjárhæð kr. 40.000.000. Upphæðin að frádregnum kostnaði verður fyrst ráðstöfuð til greiðslu kostnaðar og lögveðskrafna en síðan til greiðslu samningsveðskrafna Arion banka. Matsgerð fyrir eignina liggur fyrir.

Á fundinum verður þeim fundarmönnum sem færu á mis við fullnustu ef boði væri tekið, gefið kost á að ganga inni boðið eða gera hærra boð skv. 4. mgr. 129. gr. gþl.

Vakin er athygli á því að þegar skiptastjóri ráðstafar eign með þessum hætti falla sjálfkrafa niður þau tryggingarréttindi yfir eigninni sem fást ekki fullnægt af söluverði hennar.

Vestri-Garðsauka, 16. október 2017.

Christiane L. Bahner hdl.

(2017019299

Lögbirtingablað,
13. tölublað 2018.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.